

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

#### 1. gr.

2. tölul. 1. gr. orðast svo:

Þjóðmenningu, þar á meðal:

- a. Varðveislu menningararfsins, þ.m.t. jarðfastra minja og gripa.
- b. Vernd þjóðarverðmæta og flutning menningarminja úr landi.
- c. Skil menningarverðmæta til annarra landa.
- d. Vernd húsa og mannvirkja.
- e. Vernd sögulegrar og menningartengdrar byggðar og umhverfis- og skipulagsmál því tengd.
- f. Minjastofnun Íslands.
- g. Þjóðminjasafn Íslands.

#### 2. gr.

Upphafsmálsliður 7. tölul. 2. gr. orðast svo: Hagstjórn og fjármálastöðugleiki, þar á meðal.

#### 3. gr.

Á eftir i-lið 6. tölul. 3. gr. kemur nýr staflíður sem orðast svo: Rannsóknir á lífríki í ám og vötnum og ráðgjöf um nýtingu þeirra, þ.m.t. málefni Veiðimálastofnunar.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

1. Við 5. tölul. bætist nýr staflíður sem orðast svo: Menningarminjasöfn.

2. 8. tölul. orðast svo:

Íslensk fræði, þar á meðal:

- a. Íslenska tungu.
- b. Íslenskt táknmál.
- c. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- d. Örnefni og bæjanöfn.
- e. Örnefnanefnd.

#### 5. gr.

C-liður 4. tölul. 6. gr. fellur brott.

6. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_ *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*

\_\_\_\_\_ *A-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2014*